

Ed.

220. Fyrirspurn

til landsstjórnarinnar um kostnað við stjórn og eftirlit með Íslandsbanka síðan 1914.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

1. Hvað hafa bankastjórar Íslandsbanka í Reykjavík haft, hver fyrir sig, í laun frá bankanum, dýrtíðaruppbót og ágóðahlut hvert af þessum umræddu árum?
2. Hvað hafa bankaráðsmenn Íslandsbanka, erlendir og íslenskir, haft, hver fyrir sig, í laun frá bankanum, dýrtíðaruppbót og ágóðahlut hvert af þessum umræddu árum?
3. Hvernig eru launasamningar við hvern einstakan af núverandi bankastjórum Íslandsbanka? Hve langur er uppsagnarfrestur og hve mikil viðurlög, ef samningi er sagt upp frá hálfu landsins eða hluthafanna?

4. Hve mikið hefir bankinn galdið Bjarna Jónssyni frá Vogu fyrir rannsókn hans á bankanum 1920, og hve mikið hverjum einstökum af hinum 5 nefndarmönnum, sem litlu síðar verðlögðu hlutabréf Íslandsbanka, ef þjóðin vildi kaupa?
5. Hvernig er samið um heiðurslaun, eftirlaun og dýrtíðaruppbót við þá þrjá bankastjóra Íslandsbanka, sem nýfarnir eru þaðan, þá Sighvat Bjarnason, H. Thorsteinsson og Tofte?